

**Mál nr. 459/2012****M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðar af völdum slyss 27.9.2001.****Gögn.**

177. Málskot, móttakið 4.10.2012.

178. Bréf X, dags. 19.11.2012, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 27.9.2001 varð M fyrir alvarlegu líkamstjóni er hann sem stjórnandi bifhjóls varð fyrir bifreið sem vátryggð var lögmælti ábyrgðartryggingu hjá X. Með matsgerð tveggja lækna, dags. 6.7.2005, var m.a. varanlegur miski M af völdum slyssins metinn 80% og varanleg örorka 100%. Hinn 25.11.2005 var líkamstjónið gert upp 25.11.2005 úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar, en við uppgjörið voru af hálfu M gerðir ýmsir fyrirvarar um rétt hans til frekari bóta. Hinn 23.6.2006 greiddi X bætur fyrir svonefnt annað fjártjón og 12.3.2008 voru M greiddar frekari bætur vegna varanlegrar örorku auk vaxta og innheimtuþóknunar. Við uppgjör bótanna naut M liðsinnis lögmanns.

Um það sem kvartað er yfir segir í málskotinu einungis að slysamálinu hafi verið lokað áður en sjúkdómsgreining lá fyrir. M hafi engin gögn frá X um slysamálið, en þætti vænt um að fá þau gögn.

Í bréfi X segir að frekari kröfur á hendur félaginu séu fyrndar á grundvelli 10 ára fyrningar skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en samkvæmt því ákvæði fyrnast allar bótakröfur samkvæmt XIII. kafla laganna á hendur þeim sem ábyrgð ber og vátryggingafélagi í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Jafnframt er þess getið í bréfi X að M eigi að hafa afrit af gögnum málsins nú þegar. Með bréfinu láti X fylgja afrit af helstu gögnum, þ.e. matsgerð og þrjár tjónskvittanir. Óski M eftir afriti af frekari gögnum geti hann óskað eftir því beint við félagið. Hingað til hafi hann ekki óskað eftir afriti af gögnum málsins.

**Álit.**

Samkvæmt e. lið 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst að það sé ekki tækt til úrskurðar. Þá skal málskotsaðili hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutadeigandi tryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 5. gr. samþykktanna. Ekki verður með skýrum hætti ráðið af málskotinu hvaða kröfur það eru sem M hefur gert á hendur X og leitt hafa til ágreinings milli hans og félagsins. Ekki verður heldur ráðið að hann hafi gert slíkar kröfur á hendur félaginu. Í ljósi þessa og með vísan til þessara ákvæða í samþykktum fyrir nefndina verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefnd.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 11. desember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.